



Kópavogsbær  
Digranesvegur 1  
200 Kópavogur

Reykjavík 9.júní 2026  
HER-202605-8021

**Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 480/2026 í skipulagsgátt, Þríhnúkar. Skipulagslýsing.**

Vísað er til máls mál nr. 480/2026 í skipulagsgátt, Þríhnúkar. Skipulagslýsing. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn

HER gagnrýnir að ekki er tekið fram í skipulagslýsingu hvernig fullnægja eigi orkupörf mannvirkja á svæðinu. Helsta hættan fyrir vatnsvernd er flutningur, notkun og meðhöndlun olíu á svæðinu. Þegar hefur orðið eitt mengunaróhapp við flutning olíu inn á svæðið og mikilvægt að dregið sé úr slíkum flutningum eða þeir gerðir eins öruggir og unnt er. Gera þarf grein fyrir geymslu og notkun olíu á svæðinu sé slíkt fyrirhugað og hvaða mótvægisáðgerða á að grípa til. HER telur að ávarpa ætti í deiliskipulagi hvernig unnt væri að draga úr mengunarhættu tengdri orkunotkun á svæðinu, s.s. með því að setja upp sólarcellur á þjónustuhús eða leita annarra leiða til að tryggja að orkupörf sé fullnægt án þess að ógna vatnsvernd.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekar athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir  
Verkefnastjóri